

S A M Þ Y K K T

um breytingu á gjaldskrá nr. 108/1987, fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði, sbr. reglugerð nr. 195/1985, um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Priðja grein orðist svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi samkv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 300.
2. flokkur	kr. 2 600.
3. flokkur	kr. 3 250.
4. flokkur	kr. 3 900.
5. flokkur	kr. 4 050.
6. flokkur	kr. 5 200.

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

2. gr.

Fjórdja grein orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 7 800.
2. flokkur	kr. 15 600.
3. flokkur	kr. 22 100.
4. flokkur	kr. 29 900.
5. flokkur	kr. 40 300.
6. flokkur	kr. 50 700.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Akranessbæjar, sem innheimtir eftirlitsgjöld í umboði sveitarstjórnar á svæðinu og stendur skil á þeim í samræmi við sjóð heilbrigðiseftirlitssvæðisins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Akraness, sbr. reglugerð nr. 191/1984, um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði, sbr. og 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.